

Ytra mat grunnskóla

Grunnskólinn Stykkishólmi

Febrúar 2021

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélagið Stykkishólmsbæ.

Höfundar: Gunnhildur Harðardóttir og Þórdís Hauksdóttir.

© Menntamálastofnun, 2020.

ISBN 978-9979-0-2615-0

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	8
Grunnskóli Stykkishólms.....	9
Niðurstöður	11
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	11
1.1 Samvirkni í stefnumótun	11
1.2 Faglegt samstarf og samræða	12
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	12
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	13
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	14
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	14
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	15
Þáttur 2 – Nám og kennsla	17
2.1 Inntak og námskrá	17
2.2. Árangur náms	17
2.3 Gæði kennslu	20
2.4 Skipulag náms.....	21
2.5 Námsvitund	23
2.6 Ábyrgð og þátttaka	23
Þáttur 3 – Innra mat	25
3.1 Skipulag.....	25
3.2 Framkvæmd.....	25
3.3 Umbætur	25
Þáttur 4 - Skólabragur	27

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Grunnskólanum í Stykkishólmi sem fór fram á vorönn 2021. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði matsþáttur *skólabragur*. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Skólastjóri stuðlar að því að unnið sé samkvæmt lögum, reglugerðum og markmiðum aðalnámskrár grunnskóla.
- Einkunnaorð skólans eru sýnileg og þekkt innan skólasamfélagsins.
- Skólastjóri leggur áherslu á það jákvæða í daglegu tali og sendir út vikupósta til skólasamfélagsins og þakkarpósta til starfsmanna.
- Skólastjóri hefur faglegan metnað.
- Starfsfólk er hvatt til að sækja sér endurmenntun og kynna sér nýja þekkingu.
- Starfsmenn eru almennt ánægðir með upplýsingaflæði.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfi.
- Gætt er að góðri skjalastjórnun og öruggri vörslu persónuupplýsinga og trúnaðar- og þagnarskyldu.

Tækifæri til umbóta

- Skilgreina hver sérstaða skólans er og kynna betur stefnu og sýn fyrir foreldrum.
- Skólanámskrá þarf að innihalda nánari útfærslu á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, kennsluhætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs.
- Huga þarf að aðkomu aðila skólasamfélagsins við endurskoðun á skólanámskrá.
- Huga þarf að því að þróunarverkefni nái fótfestu.
- Leggja áherslu á að kennarar gerir stjórnendum grein fyrir, með reglubundnum hætti, á hvern hátt þeir auki gæði náms og kennslu.
- Tryggja að niðurstöður samræmdra mælinga sé fylgt eftir til að bæta árangur nemenda.
- Vinna þarf markvisst að því að efla liðsheild og starfsandann meðal starfsfólks skólans.
- Leita leiða til að auka ánægju með stjórnun skólans og leysa úr samstarfs- og samskiptavanda starfsmanna og stjórnenda.
- Efla enn frekar samstarf við foreldra og finna, í samráði við þá, leiðir til að fá fram tillögur þeirra og hugmyndir til eflingar skólastarfs.
- Efla virkni og beina þátttöku skólaráðs í stefnumótun skólans og halda opinn fund fyrir aðila skólasamfélagsins.
- Kynna og vinna með stefnu skólans og sveitarfélagsins um heilsueflandi skóla.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Kennslufræðileg hæfni kennara var sýnileg á vettvangi.
- Skólafélagið var unnin í víðtæku samráði við samfélagið.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólalífinu.
- Nemendur upplifa að þeir fái tækifæri til að taka virkan þátt í kennslustundum og er það marktækt meira en á landsvísu.
- Nemendur telja sig geta haft áhrif á nám og skólalíf.
- Verkefnið „Sköpun“ sem er þverfaglegt aldursblandað fag er verðugt og spennandi verkefni.
- Verkefnið jákvæð menntun (Hugarró) er áhugavert þróunarverkefni.
- Upplýsingatækni er hluti af námsumhverfi nemenda.
- Nemendur eru almennt áhugasamir og virkir í kennslustundum.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru almennt jákvæð og einkennast af virðingu.
- Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.
- Nemendur þjálfast í sjálfsmati.

Tækifæri til umbóta

- Vinna námsvísa fyrir allar námsgreinar og gera grunnþáttum menntunar skil.
- Koma þarf fram í námsvísunum hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni allra nemenda.
- Gera þarf einstaklingsnámskrá fyrir þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda.
- Vinna markvisst með niðurstöður lesferils, samræmdra könnunarprófa og annars mats og skoða hvað veldur slökum árangri í samræmdum könnunarprófum og árangri í lestri hjá 3. - 7. bekk og 9.-10. bekk.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat í skólanámskrá og samræma skráningar hjá kennurum.
- Finna leiðir til að auka þrautseigju nemenda í námi.
- Virkja alla í skólasamfélaginu til að vinna samkvæmt hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar.
- Huga þarf að fjölbreyttari kennsluháttum.
- Styðja áfram við kennara í þeirri vinnu sem lögð hefur verið í námsmat svo þeir fái betri yfirsýn yfir matið og verkefnið og nái að samræma það við kennsluhætti.
- Huga að því að bráðgerir nemendur fái verkefni við hæfi.
- Gera ráð fyrir teymisvinnu í stundatöflu.
- Skipuleggja þarf betur tíma milli íþróttakennslu/sunds og annarra kennslustunda svo tími nemenda nýtist betur.
- Gera öllum nemendum ljóst hver hæfni og matsviðmið kennslustunda eru.
- Leggja meiri áherslu á að allir nemendur skólans fái markvissa kennslu í að setja sér markmið í námi og geri það reglulega.
- Tryggja þarf sameiginlegan skilning á leiðsagnarmati á meðal kennara.
- Sjá þarf til þess að upplýsingar um ákvarðanir nefnda og ráða sem nemendur eru kjörnir í séu aðgengilegar öðrum nemendum.
- Auka vitund nemenda um sjálfa sig sem námsmenn og kenna þeim markvisst að þekkja styrkleika sína.
- Leggja þarf áherslu á að auka val nemenda á námsaðferðum er henta viðfangsefni og námsstíl.

Innra mat

Styrkleikar

- Árlega gefur skólinn út sjálfsmatsskýrslu þar sem starf skólans er metið út frá skólastefnu sveitarfélagsins.
- Mat á námi, líðan og framförum nemenda fer fram reglulega með formlegum og óformlegum hætti.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Á heimasíðu skólans eru eldri matsskýrslur aðgengilegar.
- Niðurstöður innra mats eru markvisst kynntar fyrir starfsmönnum.

Tækifæri til umbóta

- Upplýsa alla hagsmunaaðila með formlegum hætti um innra mat skólans.
- Skipa þarf matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annara starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja þarf aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Vinna umbótaáætlun þar sem fram kemur tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.
- Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.
- Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.
- Gera langtímaáætlun fyrir innra mat.
- Innleiða þarf reglulegt mat á kennslu og fagmennsku kennara og veita þeim endurgjöf.
- Í skýrslu um innra mat þurfa að koma fram viðmið um þann árangur sem stefnt er að og að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Skólabragur

Styrkleikar

- Skólinn hefur sett sér stefnu um góðan skólabrag.
- Haldin eru lýðræðisþing með nemendum.
- Skólastjóri leggur sig fram um að gera skólabraginn betri.
- Kennarar fylgjast með líðan nemenda og eru fljótir að bregðast við þegar eitthvað amar að.
- Nemendur hafa gott aðgengi að skólastjóra og kennurum.
- Nemendur hafa vettvang til að koma hugmyndum á framfæri.
- Nemendur hafa fengið tækifæri til að hafa áhrif á skipulag skólalóðar.
- Nemendur sem taka þátt í félagsstarfi skólans taka valgrein sem snýr að tómsunda- og félagsmálafræði og öðlast þar færni til nefndarstarfa.
- Leitast er við að koma í veg fyrir einelti og hvatt er til að mál séu strax sett í ferli.

Tækifæri til umbóta

- Kennsluhættir taki mið að lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Þjálfar nemendur markvisst í lýðræðislegum vinnubrögðum, samræðum og samvinnu.

- Skilgreina þann skólabrag sem skólinn vill viðhafa og skrásetja leiðir til að viðhalda honum, með markmiðssetningu og viðmiðum um árangur.
- Gera þarf því skil hvernig skólinn hyggst starfa að grunnþáttum menntunar meðal annars lýðræði og mannréttindi í námsvísun.
- Nýta stefnuna Uppeldi til ábyrgðar til að samræma með hvaða hætti unnið er með samskipti og agamál í skólanum.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Grunnskóli Stykkishólms

Skólahald í Stykkishólmi á sér langa sögu. Stykkishólmsheppur var stofnaður árið 1892 og fjórum árum síðar var fyrsta skólahúsið byggt og hófst þá formlega rekstur barnaskóla í Stykkishólmi.

Árið 1986 var núverandi skólahús við Borgarbraut 6 vígt. Kennt var í báðum skólahúsunum, yngri nemendur skólans stunduðu nám í *gamla skólanum* við Skólastíg og eldri nemendur í þeim *nýja* við Borgarbraut. Haustið 2009 færðist allt skólahald í nýja skólahúsið við Borgarbraut og *gamli skólinn* hýsir nú Tónlistarskóla Stykkishólms. Amtsbókasafnið, stofnun mennta, menningar- og upplýsingar-tækni var byggt við skólann árið 2018 og er hluti af skólahúsnæðinu. Grunnskólinn í Stykkishólmi þjónar börnum Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar.

Einkunnarorð skólans eru gleði - samvinna - sjálfstæði.

Skólaárið 2020-2021 stunda 154 nemendur nám við skólann. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er eftirfarandi:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	18	13	16	18	20	13	23	12	8	12
Fjöldi bekkjardeilda	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Samkensluhópar							Samkensla er að einhverju leyti í 9. bekk með 8. og 10. bekk			

Starfsmenn skólans eru 39. Stjórnendur eru tveir, skólastjóri og deildarstjóri almennrar kennslu og að auki er verkefnastjóri stoðþjónustu í 50% stöðugildi.

Kennarar eru 20 í 17,5 stöðugildum þar af starfa tveir sem sérkennarar. Af kennurum eru sex leiðbeinendur. Allir leiðbeinendur og nær allir kennarar eru í 100% starfi (tveir kennarar í 49% starfi). Sérfræðingar frá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga koma í skólann. Sálfræðingur, talmeinafræðingur og náms- og starfsráðgjafi koma alla jafna tvisvar í mánuði. Ráðgjafabroskaþjálfari kemur á teymisfundi tvisvar á ári.

Við skólann er starfandi frístund, Regnbogaland, sem skólastjóri ber ábyrgð á en er undir daglegri stjórn forstöðumanns.

Fjöldi nemenda sem eiga báða foreldra¹ eða annað foreldri af erlendum uppruna eru 36. Nemendur við skólann sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli eru 25. Þeir nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá eða eru með aðlagð námsefni og/eða eru í sérkennslu eru 13.

Enginn nemandi stundar nám á öðru skólastigi.

Skólinn hefur ekki með skipulögðum hætti haldið utan um hversu margir tímar hafa fallið niður á skólaárinu vegna veikinda kennara eða annarra forfalla.

¹ Í þessari skýrslu er orðið foreldri notað jafnt um foreldra sem og forsjáraðila.

Upplýsingar vegna Covid-19

Á skólaárinu 2020-2021 hefur kennsla í list - og verkgreinum, valgreinum, sundi og að einhverju leyti í íþróttum, fallið niður í 28 daga.

Fjarkennsla var veitt í 28 daga vegna Covid-19 í öllum öðrum greinum en þeim sem nefnd eru hér að ofan.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

Ytra mat á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis var gert á skólastarfi Grunnskólans í Stykkishólmi árið 2012. Niðurstöður matsins sýndu styrkleika skólans ásamt umbótaþáttum. Á heimasíðu skólans má finna sjálfsmatsskýrslur frá árinu 2012 þar sem ýmsir þættir hafa verið listaðir upp og gerðar tillögur að leiðum til umbóta. Skýrsluna er meðal annars að finna á heimasíðu skólans á slóðinni: https://www.stykkisholmur.is/library/Skrar/Skyrslur-og-serverkefni/Skra_0056061.pdf

Í þessari skýrslu verður fjallað um þá umbótaþætti sem ekki hafa náð að festa sig í sessi frá fyrra mati og þarfnast því enn umbóta.

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Skólastjóri stuðlar að því að unnið sé samkvæmt lögum, reglugerðum og markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. Starfsáætlun skólans uppfyllir að mestu leyti viðmið aðalnámskrár og er reglulega uppfærð. Stefna skólans byggir á stefnu sveitarfélagsins frá árinu 2016.

Einkunnarorð skólans, gleði - samvinna – sjálfstæði, eru sýnileg á vettvangi og í rýnihópaviðtölum við stjórnendur, kennara, starfsmenn, nemendur og foreldra kom fram að orðin eru þeim töm. Þá kom einnig fram í rýnihópaviðtölum að skólastjóri leggi áherslu á það jákvæða í daglegu tali og í frétttaflutningi af skólanum og sem dæmi voru nefndir vikupóstar sem skólasamfélagið fær og þakkarpóstar sem sendir eru til starfsmanna. Skólastjóri leitast við að byggja upp jákvæð tengsl við skólasamfélagið, bæði formleg sem óformleg.

Fram kom í rýnihópaviðtölum starfsfólks skólans, nemenda, foreldra og skólaráðs að sérstaða skólans er ekki skýr í vitund þeirra. Þá kom einnig fram í rýnihópi kennara að þróunarverkefni hafi ekki náð að festa sig í sessi til að verða að sérstöðu skólans.

Í skólastefnu Stykkishólmasbæjar er fjallað um að grunnþættir menntunar liggi til grundvallar í starfi skólans og í skólanámskrá skólans er umfjöllun um grunnþættina en birtingarmynd þeirra er ekki mjög sýnileg í námsvísunum.

Skólanámskrá skólans uppfyllir að mestu leyti viðmið aðalnámskrár og má finna á heimasíðu skólans. Námskrána er ekki að finna í heildstæðu og skráðu skjali heldur er henni skipt upp í ellefu sjálfstæð skjöl sem heyra undir skólanámskrá. Auk þess er þar að finna starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2020-2021 sem inniheldur grunnupplýsingar um skólastarfið. Mikilvægt er að móta og birta á heimasíðu skólans skólanámskrá þar sem fram kemur stefna skólans og nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, kennsluhætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs. Við endurskoðun á skólanámskrá þarf að huga að aðkomu aðila skólasamfélagsins við gerð hennar en þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Skólastjóri hefur faglegan metnað og væntingar til náms og kennslu. Starfsþróunaráætlun skólans fyrir skólaárið 2020-2021 er að finna á heimasíðu skólans. Innan áætlunarinnar eru meðal annars áherslupættir sem skólinn leggur áherslu á hverju sinni. Stjórnendur skapa svigrúm fyrir starfsþróun starfsmanna sinna innan og utan skóla. Innan áætlunarinnar rúmast einnig einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar. Stjórnendur hvetja starfsfólk til að kynna sér nýja þekkingu um skólastarf.

Fagleg samræða um nám og kennslu fer fram á starfsmannafundum og faggreina- og árgangafundum en kennarar gera stjórnendum ekki grein fyrir því með reglubundnum hætti á hvern hátt þeir auka gæði náms og kennslu.

Unnið er með niðurstöður kannana, lesfimiskimana og samræmdra könnunarprófa með samræðum og tillögum til umbóta á kennara- og árgangafundum en formlegar skráningar og umbótaáætlanir eru ekki til staðar.

Starfsmannafundir eru haldnir á starfsdögum og eru meðal annars nýttir til að fara yfir niðurstöður úr innra mati skólans. Fundaskipulag fyrir skólaárið liggur fyrir.

Að öllu jöfnu telja starfsmenn að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í skólanum. Fram kemur í viðtölum við kennara að árgangastjórar og kennarar beri ábyrgð á og vinni að ákveðnum verkefnum. Starfsfólk nefnir einnig að skólastjóri hlusti á þeirra raddir og að upplýsingaflæði sé almennt gott.

Fram kom í rýnihópaviðtölum að starfsfólk skólans lítur svo á að stigin myndi hvert um sig liðheild. Þá kom fram að starfsmenn upplifa að um stéttaskiptingu sé að ræða og birtingarmynd snúi þá helst að menntunarstigi fólks.

Matsaðilar Menntamálastofnunar lögðu rafræna könnun fyrir foreldra í tengslum við ytra matið. Rúmlega helmingur foreldra svaraði könnuninni. Rúmlega 57% svarenda eru frekar eða mjög sammála því að þeim hafi verið kynnt sýn og stefna skólans en rúmlega 14% eru frekar eða mjög sammála því að hafa tekið þátt í að móta/endurskoða sýn og stefnu skólans. Rúmlega 60% svarenda eru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni að skólanum sé vel stjórnað. Þá kemur fram í svörum foreldra í könnun Skólapúlsins² að 82% telja að skólanum sé frekar eða mjög vel stjórnað og er sú niðurstaða marktækt undir svörum annarra skóla.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Í skólastefnu Stykkishólsm bæjar frá árinu 2016 kemur fram að skólinn líti svo á að heimili og skóli beri sameiginlega ábyrgð á skólagöngu nemenda og mikilvægt sé að samstarf skóla og heimila sé virkt og byggist á gagnkvæmu trausti. Þá segir einnig í stefnunni „við viljum að foreldrar séu virkir þátttakendur í skólastarfinu og ávallt vel upplýstir um það“.

Foreldrar fá tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri í foreldrakönnunum sem lagðar eru fyrir þá árlega og foreldrar eiga fulltrúa í skólaráði. Að öðru leyti er ekki markvisst leitað eftir hugmyndum foreldra en samkvæmt skólastjóra er leitað til þeirra þegar um stórar ákvarðanatökur sem snerta skólastarfið er að ræða. Fram kom í ytra mati 2012 að leita ætti markvisst og reglulega eftir hugmyndum foreldra um það sem betur mætti fara í skólastarfinu.

² Skólapúlsinn er vefkerfi sem leggur fyrir staðlaðar foreldra-, nemenda-, og starfsmannakannanir fyrir skóla.

Í áðurnefndri foreldrakönnun á vegum Menntamálastofnunar voru rúmlega 75% svarenda mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Þegar á heildina er litið er ég ánægð/ur með skólann“.

Um 60% svarenda sögðust hafa fengið kynningu á stoðþjónustu skólans, það er hvernig sérstökum stuðningi við nemendur, náms- eða sálfræðiráðgjöf er hagað.

Rúmlega 52% svarenda svöruðu spurningunni „Hefur verið leitað sjónarmiða þinna um starf skólans með könnun eða í rýnihóp?“ neitandi og um 53% svöruðu fullyrðingunni „Hefur þú fengið kynningu á innra mati skólans s.s. niðurstöðum nemenda – og foreldrakannana“ neitandi. Um 59% svarenda voru frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „Þegar ég kem með ábendingar til skólans er þeim vel tekið“.

Í opnum svörum foreldrakönnunar MMS um með hvaða hætti skólinn gæti leitað eftir sýn og hugmyndum frá foreldrum til eflingar skólafarsins kom meðal annars fram að hægt væri að halda stutta rafræna fundi með öllum foreldrum eða hluta foreldra, hafa fræðslufundi, vinnufundi, hugmyndakassa, menntabúðir eða leggja fyrir kannanir.

Skólaráð er starfandi við skólann og er áætlað að fundað sé að jafnaði einu sinni í mánuði yfir skólaárið. Fram kom í viðtölum að fulltrúar í ráðinu telja sig ekki hafa mikla aðkomu að stefnumótun né hafi tekið þátt í ákvarðanatökum sem snúa að skólahlaldi, stefnu og skólaþróun. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012. Opnir fundir skólaráðs fyrir skólasamfélagið hafa ekki verið haldnir eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um. Starfsreglur, fundargerðir og fundaskipulag ráðsins er að finna á heimasíðu skólans.

Í rýnihópaviðtölum kom fram að skólinn vinnur á margvíslegan hátt með grenndarsamfélaginu sem dæmi fara nemendur í heimsókn á dvalarheimilið og fá tækifæri til að stunda starfsnám hjá fyrirtækjum.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og starfi skólans er hluti af starfi stjórnenda. Ýmsar skimanir og kannanir, svo sem Lesferill og samræmd könnunarpróf, eru lögð fyrir nemendur ásamt viðhorfskönnunum til að meta ferli og árangur skólafarsins. Einnig eru kannanir lagðar fyrir starfsmenn og foreldra. Sjálfsmatsskýrslur skólans eru skrifaðar út frá markmiðum skólastefnu Stykkishólmsbæjar og eru skýrslurnar birtar á heimasíðu skólans.

Fram kemur í rýnihópaviðtölum við kennara að þeir fari yfir niðurstöður prófa og skimana en ekki sé um skriflega áætlun að ræða né að fundargerðir séu skráðar. Einnig kom fram að kennarar geta fengið stuðning við þróunarvinnu en ekki sé um beina ráðgjöf að ræða. Í rýnihópaviðtölum við starfsmenn kom fram að þeir fái kynningu á sjálfsmatsskýrslu skólans.

Skólinn starfar samkvæmt uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar og lestarstefnunni Byrjendalæsi. Þróunarverkefnið „Jákvæð menntun“ er verkefni sem unnið er að innan skólans og er það styrkt af Sprotasjóði ásamt verkefnum „Sköpun“ og „Hvað ungur nemur, gamall temur“. Í starfsþróunaráætlun skólans fyrir skólaárið 2020-2021 kemur fram að meðal áhersluþátta sé þátttaka starfsmanna í ráðstefnu sem snýr að Uppeldi til ábyrgðar og að kennarar sækji námskeið í Byrjendalæsi. Í áfangaskýrslu ársins 2019-2020 kemur ekki fram hvernig gögn í þróunarvinnu eru nýtt eða hvernig upplýsingum um framgang verkefna er komið á framfæri til nemenda, foreldra og hagsmunaaðila.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Helstu upplýsingar um skólastarfið og lögbundnar áætlanir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans en erfitt getur reynst að finna gögn á síðunni. Fram kom í svörum foreldra í könnun Menntamálastofnunar að rúmlega 70% voru mjög eða frekar sammála því að heimasíða skólans sé virk og innihaldi réttar og hagnýtar upplýsingar.

Skólastjóri vinnur eftir stefnu sveitarfélagsins gegn einelti, áreitni og ofbeldi sem er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins. Verklag um lausn ágreiningsmála liggur ekki fyrir en í rýnihópum starfsmanna kemur fram að þeir leiti til trúnaðarmanna ef upp komi vandi til dæmis milli stjórnenda og starfsmanns. Skólastjóri leitast við að leysa þau ágreiningsmál sem upp koma en fram kom í rýnihópaviðtölum við starfsmenn skólans að það væru ákveðin mál sem þyrftu frekari úrlausnar. Kom það einnig fram í samtölum við aðra hópa.

Í rýnihópaviðtölum kom fram að starfsmenn eru almennt sáttir við hvernig daglegt starf er skipulagt. Nýlega hafa verið gerðar breytingar á tímasettum (stundatöflum) nemenda og starfsmanna með það að markmiði að fækka nemendahópum á útisvæði í frímínútum. Fram kom að samskipti nemenda hafi breyst til hins betra í frímínútum en breytingin geri skólastarfið flóknara að ýmsu leyti. Kennarar og annað starfsfólk telur tímasettin valda ruglingi og ekki séu allir á einu máli um kosti breytinganna en reynslan muni leiða betur í ljós hvort þær séu af hinu góða.

Skólastjóri, í samstarfi við sveitarfélagið, sér til þess að áherslur og verklag varðandi aðbúnað, skjalavörslu og persónuvernd séu í samræmi við lög og reglugerðir. Öllum starfsmönnum skólans eru kynnt lög um trúnað og persónuvernd og gætt er að því að upplýsinga sé aflað úr sakaskrá við ráðningar. Fylgst er með því að aðbúnaður í skólanum sé öruggur og unnið sé að úrbótum. Starfsmönnum hafa verið kynnt lög um persónuvernd og trúnað og skrifað undir skjöl þar um. Verktökum og öðrum sem starfa tímabundið í skólanum er skylt að skrifa undir yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu. Nemendur hafa fengið fræðslu um netöryggi.

Skólareglur og viðurlög eru til staðar og byggja á uppeldisstefnunni „Uppeldi til ábyrgðar“. Fram kom í rýnihópaviðtölum nemenda og kennara að mismikið er unnið eftir stefnunni og fari minnkandi þegar á unglíngastig er komið. Sérstakar reglur gilda á skólalóðinni og almennt um snjalltækjanotkun í skólanum. Í viðtölum við hagsmunaaðila kom fram að nemendur og foreldrar sem sitji í skólaráði hafi aðkomu að gerð skólareglna og að kennarar hafi komið að endurskoðun reglna fyrir um það bil tveimur árum. Í foreldrakönnun Menntamálastofnunar svara rúmlega 10% foreldra fullyrðingunni „Leitað hefur verið eftir sjónarmiðum mínum við endurskoðun skólareglna“ játandi.

Á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um hlutverk og starfsemi nemendaráðs og skólaráðs auk fundargerða. Fram kom í rýnihópaviðtölum við nemendur að aðrir nemendur en þeir sem starfa í nemendaráði og skólaráði þekkja lítið til starfsemi þeirra.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Við skólann starfa tveir stjórnendur, skólastjóri og deildarstjóri almennrar kennslu, sem er staðgengill skólastjóra. Verkaskipting stjórnenda er skráð en samkvæmt rýnihópaviðtölum velja starfsmenn til hvers þeir leita með sín mál. Þá nefndu starfsmenn að gott aðgengi væri að skólastjóra og þeir leituðu til hans.

Starfsþróunarsamtöl eru tvisvar sinnum á ári við alla starfsmenn. Fundaáætlun fyrir skólaárið liggur fyrir og er aðgengileg öllum starfsmönnum. Fundargerðir starfsmannafunda og þróunarverkefna eru aðgengilegar á sameiginlegu tölvusvæði starfsmanna.

Stjórnendur skólans skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra nýtist skólastarfinu sem best. Leitast er við að skipa kennslu þannig að menntun og sérhæfing kennara nýtist sem best hverju sinni. Skólastjóri hefur fylgst með kennslu og námi síðastliðin ár að nokkru marki en ekki veitt markvissa endurgjöf til kennara að innliti loknu. Í viðtali við skólastjóra kom fram að hann stefni að því að fara skrefi lengra í þessari vinnu og fylgja innliti eftir með faglegum umræðum.

Stjórnendur funda reglulega og miðla upplýsingum sín á milli en ekki er um formlega fundi að ræða né heldur eru ritaðar fundargerðir á þessum fundum.

Starfslýsingar allra starfsmanna er að finna á heimasíðunni og skipurit skólans er til staðar en er ekki birt á heimasíðunni.

Í könnun meðal starfsfólks skólans árið 2020 kemur meðal annars fram að rúmlega 82% starfsmanna telja að um lýðræðisleg vinnubrögð sé að ræða í skólanum en rúmlega 35% telja að starfsandinn í skólanum sé frekar eða mjög góður. Þá kemur einnig fram í viðtölum við starfsfólk að sumir upplifi stéttskiptingu.

Í rýnihópaviðtölum kom fram að nýir starfsmenn eru ánægðir og finna styrk hver hjá öðrum. Nýir kennarar fá leiðsagnarkennara sér til stuðnings en móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn er ekki að finna á heimasíðu skólans.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Í rýnihópaviðtölum við stjórnendur, kennara og annað starfsfólk kom fram að starfsþróun er álitin mikilvægur þáttur í skólastarfinu og að starfsmenn fá hvatningu til að sækja framhaldsnám, námskeið og ráðstefnur til efla sig í starfi. Fram kom einnig að starfsfólk fái tækifæri til að sinni þeirri starfsþróun sem það kys auk þeirrar sem skólinn býður upp á.

Mannauður er vel nýttur og samkvæmt viðtölum við skólastjóra bera stjórnendur og kennarar ábyrgð á þróunarverkefnum. Tæplega 76% svarenda í starfsmannakönnun sögðu að ábyrgð væri dreift að nokkru eða miklu leyti. Eins og fyrr segir telja kennarar að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarfið í skólanum og nefna Menntabúðir skólans sem dæmi um það.

Fram kemur í viðtölum við starfsfólk og skólastjóra að hlúa megi betur að heilsueflingu innan starfsmannahópsins og eru vonir bundnar við að með því að skólinn verði að fullu þátttakandi í verkefninu „Heilsueflandi grunnskóli“ að bragarbót verði á þeim þætti skólastarfsins.

Styrkleikar

- Skólastjóri stuðlar að því að unnið sé samkvæmt lögum, reglugerðum og markmiðum aðalnámskrár grunnskóla.
- Einkunnaorð skólans eru sýnileg og þekkt innan skólasamfélagsins.
- Skólastjóri leggur áherslu á það jákvæða í daglegu tali og sendir út vikupósta til skólasamfélagsins og þakkarpósta til starfsmanna.
- Skólastjóri hefur faglegan metnað.
- Starfsfólk er hvatt til að sækja sér endurmenntun og kynna sér nýja þekkingu.

- Starfsmenn eru almennt ánægðir með upplýsingaflæði.
- Grenndarsamfélagið er markvisst nýtt í skólastarfi.
- Gætt er að góðri skjalastjórnun og öruggri vörslu persónuupplýsinga og trúnaðar- og þagnarskyldu.

Tækifæri til umbóta

- Skilgreina hver sérstaða skólans er og kynna betur stefnu og sýn fyrir foreldrum.
- Skólanámskrá þarf að innihalda nánari útfærslu á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, kennsluhætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs.
- Huga þarf að aðkomu aðila skólasamfélagsins við endurskoðun á skólanámskrá.
- Huga þarf að því að þróunarverkefni nái fótfestu.
- Leggja áherslu á að kennarar gerir stjórnendum grein fyrir, með reglubundnum hætti, á hvern hátt þeir auki gæði náms og kennslu.
- Tryggja að niðurstöður samræmdra mælinga sé fylgt eftir til að bæta árangur nemenda.
- Vinna þarf markvisst að því að efla liðsheild og starfsandann meðal starfsfólks skólans.
- Leita leiða til að auka ánægju með stjórnun skólans og leysa úr samstarfs- og samskiptavanda starfsmanna og stjórnenda.
- Efla enn frekar samstarf við foreldra og finna, í samráði við þá, leiðir til að fá fram tillögur þeirra og hugmyndir til eflingar skólastarfs.
- Efla virkni og beina þátttöku skólaráðs í stefnumótun skólans og halda opinn fund fyrir aðila skólasamfélagsins.
- Kynna og vinna með stefnu skólans og sveitarfélagsins um heilsueflandi skóla.

Páttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námssvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	-------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Skólastefna Stykkishólmsbæjar er eins og fyrr segir frá árinu 2016 og var sett fram til 5 ára. Skólastefnan var unnin í víðtæku samráði við samfélagið. Stefnumótunin var byggð á niðurstöðum funda sem meðal annars voru haldnir með nemendum, starfsfólki, skólanefnd, æskulýðs- og íþróttanefnd, bæjarstjórn og stýrihópi verkefnisins. Skólastefna Grunnskólans í Stykkishólmi er skólastefna sveitarfélagsins en þar er meðal annars lögð áhersla á uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar og sameiginlega læsisstefnu leik- og grunnskóla. Í skólanámskrá skólans er lögð áhersla á áherslur stjórnvalda, með tilgreindum leiðum til að mæta þeim. Á vef skólans má finna námsvísa en þeir eru frá árinu 2019-2020 en í rýnihópi kennara kom fram að síðan hæfniviðmiðin komu hefði mikil vinna verið lögð í að vinna með þau og lítið áhersla lögð á gerð námsvísa. Matsmenn sáu á vettvangi að námsvísar eru að hluta til aðgengilegir fyrir nemendur á Teams og þá aðallega á unglíngastigi, aðgengi foreldra að Teams er eingöngu í gegnum aðgang barna þeirra.

Eins og áður hefur komið fram má finna sérstakan kafla um grunnþætti menntunar í skólanámskrá en gera þarf þeim skil í námsvísium. Í kennsluáætlunum sem matsaðilar fengu á vettvangi var framsetning með mismunandi hætti og samfella náms ekki ljós á milli árganga. Víða mátti sjá hvernig unnið er með lykilhæfni nemenda en þeim þarf einnig að gera skil í námsvísium. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Í kennsluáætlunum og námsvísium þarf að koma fram hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein eða viðfangsefni. Sérstakur stuðningur við nemendur fer að mestu fram innan námsumhverfis bekkjar en brugðist er við þurfi nemendur önnur úrræði. Gera þarf heildaráætlun um stoðþjónustu í skólanum en fram kom í rýnihópum að þörf sé fyrir endurskoðun á sérkennslu og stuðningi í heild sinni. Leitast hefur verið við að ráða sérkennara við skólann en það hefur ekki borið árangur. Stuðningur er þó fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur sem fengið hafa fötlunargreiningu er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá en ekki gerð grein fyrir í almennum kennsluáætlunum hvernig tilhögun námsaðlögunar er háttað. Ábending um að stefna ætti að því að gera einstaklingsnámskrár fyrir fleiri nemendur skólans en nemendur með metnar sérþarfir kom einnig fram í ytra mati 2012.

2.2. Árangur náms

Eitt af markmiðum í skólastefnu sveitarfélagsins er að unnið verði markvisst að því að bæta námsárangur nemenda. Í skólanámskrá er bættur námsárangur eitt af forgangsverkefnum skólans. Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemanda og hann skráður í Námfús. Kennarar á hverju stigi rýna saman í niðurstöður námsmats og annars mats en í rýniópum kom fram að vinna mætti markvissar með niðurstöður lesferils, samræmdra könnunarprófa og annars mats og setja fram stefnu um aðgerðir til að auka árangur nemenda og mat á árangri. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa og lesfímiprófa er ekki að finna í opinberum gögnum skólans.

Matskvörðum er að hluta til gerð skil í skólanámskrá en gera þarf grein fyrir viðmiðum um námsmat. Viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni eru skráð hjá sumum námshópum á Teams eða í excel skjali hjá kennurum en samræma þarf betur skráningar og vistun gagna.


Líðan nemenda í Grunnskólanum í Stykkishólmi er samkvæmt niðurstöðum úr Skólapúlssi sambærileg líðan annarra nemenda á landinu. Frá skólaárinu 2019-2020 hefur líðan nemenda á landsvísu hrakað og á það einnig við nemendur í Grunnskólanum í Stykkishólmi. Samkvæmt könnun Menntamála-stofnunar telja rúmlega 80% foreldra að börnum þeirra líði mjög eða frekar vel í skólanum. Þrautseigja nemenda í námi er skólaárið 2020-2021, marktækt undir landsmeðaltali samkvæmt Skólapúlssi en var á pari við landsmeðaltal 2019-2020. Fram kom í ytra mati 2012 að auka þyrfti námsvitund nemenda og kenna þeim að þekkja styrkleika sína. Nemendur upplifa að þeir fái tækifæri til að taka virkan þátt í kennslustundum og er það marktækt meira en á landsvísu.

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnarkvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnarkvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og er því hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0-60, meðaltalið er 30.


Hér að neðan má sjá samantekt samræmdra könnunarprófa í Grunnskólanum í Stykkishólmi. Hluti af niðurstöðum er birt sem uppsafnað meðaltal þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu fyrir einstök ár. Uppsafnaður árangur er sú niðurstaða sem fæst þegar fjöldi nemenda á bak við árangur er undir 10, það er viðmið um birtingu.

Árangur nemenda í 4. bekk hefur verið undir meðaltali í íslensku og stærðfræði frá árinu 2015. Árangur í stærðfræði hefur verið slakari en í íslensku fyrir utan árin 2015 og 2017 og árangur í íslensku hefur dalað frá árinu 2018.




Mynd 1. Árangur nemenda í 4. bekk á samræmdum könnunarprófum.

Uppsafnaður árangur nemenda í 7. bekk var yfir landsmeðaltali á árunum 2015-2017 í stærðfræði og íslensku en hefur dalað á síðustu árum og er nú undir landsmeðaltali.



Mynd 2. Uppsafnaður árangur nemenda í 7. bekk á samræmdum könnunarprófum.


Árangur nemenda í 9. bekk í stærðfræði hefur verið sveiflukenndur og var árið 2019 yfir landsmeðaltali en hefur dalað verulega á milli ára. Árangur í ensku og íslensku hefur einnig dalað á milli ára.



Mynd 3. Árangur nemenda í 9. bekk á samræmdum könnunarprófum.


Lesferill

Grunnskólinn í Stykkishólmi notast við matstækið Lesferil (matstæki Menntamálastofnunar sem metur grunnþætti læsis) þar sem meðal annars er fylgst með lesfimi nemenda. Myndir 4 og 5 sýna leshraða árganga skólans og eru þau viðmið sem Menntamálastofnun setur sýnd í fremsta dálkinum (stöplarit) á mynd 4.



Mynd 4. Hlutfall nemenda eftir frammistöðu viðmiðs.

Þegar línuritið (mynd 5) er skoðað sést að meðaltal lesinna orða nemenda var í september 2020 undir landsmeðaltali í 3.-7. bekk og 9.-10. bekk. Nemendur í 1., 2. og 8. bekk voru við landsmeðaltal.




Mynd 5. Meðaltal lesinna orða og viðmið.

2.3 Gæði kennslu

Matsmenn sátu í vettvangsathugunum í 36 kennslustundum hjá öllum námshópum, hjá flestum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Flestar kennslustundirnar voru metnar góðar og ein frábær en nokkrar kennslustundir þörfuðust úrbóta.

Kennslustundir eru skráðar út frá kennsluathöfnum kennara sem flokkaðar eru í þrjá flokka; fræðandi, leiðbeinandi eða blöndu af hvoru tveggja. Það sem einkennir fræðandi kennsluathafnir kennara er að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er kallar það oftast á eitt rétt svar. Það sem einkennir leiðbeinandi

kennsluathafnir er að lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda eða leggur áherslu á frumkvæði eða opin/skapandi verkefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum lausnum. Nemandinn er í forgrunni og virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Í 86% kennslustunda sem matsmenn sátu voru fræðandi kennsluhættir og leiðbeinandi í 6% kennslustunda. Í 8% kennslustunda voru kennsluhættir blanda af fræðandi og leiðbeinandi (mynd 6).



Mynd 6. Kennsluhættir.

Kennslufræðileg hæfni kennara var sýnileg á vettvangi en kennarar gætu betur nýtt fjölbreytni í kennsluháttum. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Skipulag kennslu og verkefna var almennt gott og hafa nemendur á unglingsstigi aðgang að markmiðum á Teams en í miklum meirihluta þeirra stunda sem matsaðilar heimsóttu var nemendum ekki gerð grein fyrir markmiðum stundarinnar né hæfniviðmiðum sem unnið var með í stundinni.

Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni en misjafnt er eftir námsgreinum hvort þeir fái viðfangsefni í samræmi við námsmarkmið hvers og eins.

Námsmat er samkvæmt rýnihópi kennara nokkuð fjölbreytt og tengist hæfniviðmiðum og markmiðum náms. Þá er notast við munnleg próf, sjálfsmat, seesaw skil, vídeóverkefni, myndir og fleira. Þó kom fram í rýnihópum að námsmat sé í þróun og verið að vinna í að tengja það betur við hæfniviðmiðin, það sé langt komið á unglingsstigi en styttra á veg á yngsta og miðstigi. Í rýnihópi kennara kom fram að reynt sé að sjá til þess að bráðgerir nemendur geti haldið áfram í námi, hafi þeir lokið viðmiðum þess bekkjar sem þeir tilheyra. Hér áður hafi nemendur fengið að stunda nám í framhaldsskóla hafi þeir lokið viðmiðum 10. bekkjar. Lítið er um námsúrræði fyrir bráðgera nemendur, þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

2.4 Skipulag náms

Nemendur í Grunnskólanum í Stykkishólmi er 154 talsins og er kennt í tíu bekkjum. Kennarar hafa verið að prófa sig áfram í að efla samvinnu sín á milli. Eins og fyrr segir hefur skólinn unnið að innleiðingu á þróunarverkefninu „Sköpun“ og er það þverfaglegt aldursblandað fag þar sem sérgreina- og umsjónarkennarar undirbúa kennslu saman með það meðal annars að markmiði að auka vægi list- og verkgreinakennslu, þjálfna nemendur í skapandi vinnu, sjálfstæðum vinnubrögðum, samþættingu

námsgreina og auka gleði í kennslu. Þá hafa nokkrir kennarar skólans tekið sig saman um að vera með þemakennslu til auka á samvinnu. Fram kom í rýnihópi kennara að teymiskennsla á liðnum árum hefði stundum ekki gengið, meðal annars vegna árekstra í stundatöflu.


Nemendur vinna að hluta til að samþættum, heildstæðum verkefnum. Á yngsta stigi er unnið eftir Byrjendalæsi og þar er samþætting námsgreina. Á öðrum stigum er meðal annars unnið með þema og áður nefnda „Sköpun“. Nemendur hafa nokkuð góðan aðgang að fjölbreyttum námsgögnum og nýta þau.

Eins og fyrr segir hefur skólinn verið að innleiða þróunarverkefnið „Jákvæða menntun“. Skólastofa hefur verið innréttuð sem slökunarherbergi og nefnist það herbergi Hugarró. Allir nemendur skólans hafa eina stund á viku í stundatöflu til að fara í slökunarherbergið þar sem markmiðið er meðal annars að auka þrautseigju og vellíðan nemenda. Í frímínútum höfðu nemendur tækifæri til að fara inn í herbergið og hvílast undir slökunartónlist.

Eitt af því sem skoðað er í matinu er notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Í vettvangsathugunum reiknast það sem notkun ef einn nemandi nýtir snjalltæki/tölvur að einhverju marki í kennslustundinni eða kennari varpar upp mynd/glærum.

Upplýsingatækni er hluti námsumhverfis nemenda í Grunnskólanum í Stykkishólmi. Nemendur nýta upplýsingatækni á ýmsan hátt í kennslustofunni við að afla þekkingar og leikni. Í tæplega þriðjungu kennslustunda sem matsaðilar sátu nýttu nemendur sér upplýsingatækni á einn eða annan hátt. Kennarar nýttu upplýsingatækni í 10 kennslustundum af 36.

Kennslustundir eru einnig skráðar út frá námsathöfnum nemenda sem snúa að sjálfstæðu námi (einstaklingsvinnu), samvinnu eða blöndu af hvoru tveggja. Í vettvangsathugun unnu nemendur í 61% kennslustunda í einstaklingsvinnu en í 28% stunda unnu nemendur bæði einstaklingslega eða í samvinnu við aðra. Í 11% kennslustunda voru nemendur eingöngu í markvissri samvinnu við aðra nemendur (mynd 7).



Mynd 7. Námsathafnir

Umsjónarkennari veitir nemendum og foreldrum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara, meðal annars í gegnum Námfús og Teams. Einnig fara samskipti við foreldra fram með tölvupósti

og/eða símtölum. Foreldrasamtöl eru tvisvar sinnum yfir skólaárið þar sem nemendur mæta með foreldrum sínum og í þeim fer umsjónarkennari yfir námsframvindu og líðan viðkomandi nemanda. Í síðasta foreldraviðtali var ákveðið að prófa að hafa viðtölin nemendastýrð og mæltist það að sögn vel fyrir.

Nemendur fá tilskyldan kennslustundafjölda á viku sem þeim ber samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla en gæta þarf þess að nemendur hafi tíma til að koma sér á milli kennslustunda. Matsaðilar sáu á vettvangi að nemendur höfðu tæpan tíma til að koma sér á milli staða eftir íþróttir og sundkennslu. Nemendum í 8.-10. bekk gefst kostur á að velja á milli fjölbreyttra námsgreina í valgreinum en einnig hafa þeir tækifæri til að nýta nám utan skóla sem hluta af valgreinum. Kennsluáætlanir fyrir valgreinar á unglíngastigi eru ekki til staðar. Samkvæmt skólastjóra nær val nemenda í 8.-10. bekk ekki að vera um fimmtungur tímans eins og aðalnámskrá gerir ráð fyrir. Skóladagatal uppfyllir fjölda kennsludaga á ári samkvæmt aðalnámskrá.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt áhugasamir og virkir í þeim kennslustundum sem matsaðilar sátu í vettvangsathugun. Nemendur á unglíngastigi hafa í sumum námsgreinum aðgang að hæfniviðmiðum á Teams en almennt virðast fáir nemendur nýta sér það en þar liggja tækifæri til að efla námsvitund nemenda, þannig að þeir viti að hverju þeir stefni í hverju viðfangsefni eða verkefni fyrir sig. Mikilvægt er að kynna hæfniviðmið fyrir öllum nemendum skólans, til dæmis í upphafi hvers verkefnis eða kennslustundar. Nemendur hafa fengið tækifæri til að setja sér langtímamarkmið yfir allt skólaárið meðal annars í nemendasamtölum en því hefur að mati kennara ekki verið fylgt nægilega eftir. Þá hafa markmið aðallega snúið að hegðun og vinnusemi en lítið tengst námsárangri. Í rýnihópi nemenda kom fram að þeir hafi ekki fengið markvissa kennslu eða þjálfun í að setja sér námsmarkmið. Ábending um að auka þyrfti sýnileika markmiða í starfi skólans kom einnig fram í ytra mati 2012.

Nemendur í eldri bekkjum upplifa að þeir fái stundum að velja viðfangsefni, útfærslu á verkefnum og námsaðferðum en í yngri bekkjum upplifa þeir að kennarinn ráði yfirleitt hvað eigi að gera en sú ábending kom einnig fram 2012.

Nemendur þjálfast í að meta eigið nám og vinnu. Þeir segjast mjög oft nota sjálfsmat, það sé aðgengilegt inn á Teams en nemendur á mið- og yngsta stigi virðast ekki gera sér grein fyrir hver viðmið um árangur eru né hvaða vinnu þeir þurfi að skila til að ná þeirri færni sem lagt er upp með.

Í skólastefnu sveitarfélagsins og skólans er fjallað um námsmat og er lögð áhersla á leiðsagnarmat þar sem megináhersla er á uppbyggilega endurgjöf og ábyrgð nemenda á eigin námi. Leiðsagnarmat byggir á reglulegri endurgjöf til nemanda, ábendinga um stöðu, hvað hann kunni, geti gert betur og hvatningar til framfara. Í rýnihópi kom fram að efla þyrfti leiðsagnarmat í skólanum.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru almennt jákvæð og einkennast af virðingu. Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins. Nemendur hafa tækifæri til samvinnu um skipulags náms og skólastarfs. Nemendur taka þátt í skólaráði, nemendaráði og á haustin eru haldin lýðræðisþing þar sem nemendur fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Nemendur eru meðvitaðir um að þeir geti haft áhrif og upplýstu matsaðila um að í skólanum væri kassi fyrir nemendur til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Nemendur töldu að bæta mætti upplýsingaflæði um ákvarðanir sem teknar eru á fyrrnefndum fundum sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja í. Þessi ábending kom einnig fram í ytra mati 2012.

Styrkleikar

- Kennslufræðileg hæfni kennara var sýnileg á vettvangi.
- Skólafélagið var unnið í víðtæku samráði við samfélagið.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólalífinu.
- Nemendur upplifa að þeir fái tækifæri til að taka virkan þátt í kennslustundum og er það marktækt meira en á landsvísu.
- Nemendur telja sig geta haft áhrif á nám og skólalíf.
- Verkefnið „Sköpun“ sem er þverfaglegt aldursblandað fag er verðugt og spennandi verkefni.
- Verkefnið jákvæð menntun (Hugarró) er áhugavert þróunarverkefni.
- Upplýsingatækni er hluti af námsumhverfi nemenda.
- Nemendur eru almennt áhugasamir og virkir í kennslustundum.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru almennt jákvæð og einkennast af virðingu.
- Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.
- Nemendur þjálfast í sjálfsmati.

Tækifæri til umbóta

- Vinna námsvísa fyrir allar námsgreinar og gera grunnþáttum menntunar skil.
- Koma þarf fram í námsvísu hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni allra nemenda.
- Gera þarf einstaklingsnámskrá fyrir þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda.
- Vinna markvisst með niðurstöður lesferils, samræmdra könnunarprófa og annars mats og skoða hvað veldur slökum árangri í samræmdum könnunarprófum og árangri í lestri hjá 3. - 7. bekk og 9.-10. bekk.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat í skólanámskrá og samræma skráningar hjá kennurum.
- Finna leiðir til að auka þrautseigju nemenda í námi.
- Virkja alla í skólasamfélaginu til að vinna samkvæmt hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar.
- Huga þarf að fjölbreyttari kennsluháttum.
- Styðja áfram við kennara í þeirri vinnu sem lögð hefur verið í námsmat svo þeir fái betri yfirsýn yfir matið og verkefni og nái að samræma það við kennsluhætti.
- Huga að því að bráðgerir nemendur fái verkefni við hæfi.
- Gera ráð fyrir teymisvinnu í stundatöflu.
- Skipuleggja þarf betur tíma milli íþróttakennslu/sunds og annarra kennslustunda svo tími nemenda nýtist betur.
- Gera öllum nemendum ljóst hver hæfni og matsviðmið kennslustunda eru.
- Leggja meiri áherslu á að allir nemendur skólans fái markvissa kennslu í að setja sér markmið í námi og geri það reglulega.
- Tryggja þarf sameiginlegan skilning á leiðsagnarmati á meðal kennara.
- Sjá þarf til þess að upplýsingar um ákvarðanir nefnda og ráða sem nemendur eru kjörnir í séu aðgengilegar öðrum nemendum.
- Auka vitund nemenda um sjálfa sig sem námsmenn og kenna þeim markvisst að þekkja styrkleika sína.
- Leggja þarf áherslu á að auka val nemenda á námsaðferðum er henta viðfangsefni og námsstíl.

Páttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Fram kemur í sjálfsmatskýrslu og umbótaáætlun ársins 2020, sem finna má á heimasíðu skólans, að stefnan sé sú að skólamatið skili upplýsingum og niðurstöðum sem sýni styrkleika og veikleika skólastarfsins. Matið byggir á markmiðum skólastefnu sveitarfélagsins sem samanstendur af sjö þáttum; uppeldi (nám og kennsla), nemendum, aðstæðum, skóla (samfélagi og umhverfi), starfsfólki, skóla- og starfsþróun og samstarfi skóla, íþróttá- og tómstundastarfs. Fram koma helstu leiðir sem nýttar eru í gagnaöflun og fjallað er um stöðu hvers matsþáttar og á hvern hátt unnið verði með matsþætti. Ekki eru skilgreind viðmið um árangur. Gerðar eru skýrslur fyrir hvert almanaksár en langtímaáætlun liggur ekki fyrir en bent var á þetta í ytra mati 2012.

Mat á námi, árangri og framförum nemenda fer reglulega fram með einhverjum hætti. Eins og fram kom hér að ofan hefur skólastjóri verið með innlit í kennslustundir síðastliðinn ár en ekki hefur verið um markvisst mat á kennslu né endurgjöf á kennsluhætti kennara en þessi ábending kom fram í ytra mati 2012.

Til að ná til fleiri markmiða skólastefnunnar í innra mati hefur skólinn sjálfur lagt fyrir starfsmannakönnun þar sem meðal annars er spurt um lýðræðisleg vinnubrögð, dreifingu ábyrgðar, stafsanda og liðsheild.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er fyrst og fremst á ábyrgð stjórnenda. Aðrir hagsmunaaðilar, svo sem aðrir starfsmenn, nemendur og foreldrar, hafa ekki bein áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats. Nám, árangur og líðan nemenda eru metin reglulega. Matið byggir á margvíslegum upplýsingum og gagnaöflunaraðferðum, svo sem samræmdum könnunarprófum, Lesferli, starfsmannasamtölum og könnunum Skólapúlsins sem lagðar eru reglulega fyrir foreldra og nemendur auk áðurnefndra starfsmannakannana. Innra mat byggir í meginatriðum á meginlegum gögnum.

Fram kom í rýnihópaviðtali við skólaráð, þar sem allir hagsmunaaðilar sitja, að ráðið hafi litla vitneskju um innra mat. Í viðtölum við starfsfólk skólans kom fram að aðkoma þeirra að innra mat skólans væri lítil en þeir fái kynningu að hausti. Þá svara tæplega 53% þeirra foreldra sem svöruðu könnun Menntamálastofnunar því til að þeir hefðu ekki fengið kynningu á innra mati skólans og tæplega 13% töldu sig ekki geta svarað spurningunni. Ábending um að veita þyrfti öllum hagsmunaaðilum tækifæri til að taka þátt í að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati kom einnig fram í ytra mati 2012.

3.3 Umbætur

Greinagerð um innra mat þar sem fram koma grundvallarupplýsingar um matið og framkvæmd þess er birt á heimasíðu skólans undir heitinu „Sjálfsmatskýrsla“ og má þar einnig finna eldri skýrslur sem snúa að innra mati skólans. Ársskýrslur skólans er einnig að finna á heimasíðu. Framgangur og mat á þróunarverkefnum kemur ekki fram í umbótaáætlunum innra mats.

Fram kom í viðtali við skólastjóra að vilji væri fyrir því að fá fleiri aðila skólasamfélagsins til að koma að innra mati skólans. Einnig kom fram í rýnihópaviðtölum við starfsfólk að það lítur ekki á úrvinnslu á innra mati og umbótavinnu sem verkefni sem þeir vinni að heldur fái þeir upplýsingar á fundum. Í rýnihópaviðtölum við eldri nemendur kom fram að þeir væru ekki upplýstir um innra mat skólans né hefðu aðkomu að því.

Í sjálfsmatsskýrslunni er birt áætlun þar sem fram koma markmið skólastefnu sveitarfélagsins, sjálfsmat skólans á markmiðunum ásamt umfjöllun um umbætur. Markvissar umbætur út frá markmiðunum eða tímasettar aðgerðir til umbóta ásamt viðmiðum koma ekki fram.

Eiginleg tímasett umbótaáætlun þar sem unnið er með styrkleika skólans og tækifæri til umbóta á markvissan hátt með markmiðum, leiðum, ábyrgðaraðilum, viðmiðum og mati er ekki til staðar né hver aðkoma hagsmunaaðila er að samræðum og samvinnu um þróun og umbætur. Ábending um að huga þyrfti að skilgreiningu á mati árangurs og greiningu styrkleika og tækifæra til umbóta kom einnig fram í ytra mati 2012.

Styrkleikar

- Árlega gefur skólinn út sjálfsmatsskýrslu þar sem starf skólans er metið út frá skólastefnu sveitarfélagsins.
- Mat á námi, líðan og framförum nemenda fer fram reglulega með formlegum og óformlegum hætti.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Á heimasíðu skólans eru eldri matsskýrslur aðgengilegar.
- Niðurstöður innra mats eru markvisst kynntar fyrir starfsmönnum.

Tækifæri til umbóta

- Upplýsa alla hagsmunaaðila með formlegum hætti um innra mat skólans.
- Skipa þarf matsteymi með fulltrúum stjórnenda, kennara, annarra starfsmanna, nemenda og foreldra þannig að allir hagsmunaaðilar komi að og taki virkan þátt í samræðum um þróun og umbætur.
- Tryggja þarf aðkomu skólaráðs að samræðu og ákvarðanatöku um innra mat og umbótaáætlun skólans.
- Vinna umbótaáætlun þar sem fram kemur tímasetning, ábyrgðaraðilar, þátttakendur og hvernig og hvenær meta á umbætur.
- Vinna árlega greinargerð út frá niðurstöðum innra mats þar sem fram kemur mat á framgangi umbóta frá fyrra ári.
- Endurskoða reglulega aðferðir og reynslu af innra mati.
- Gera langtímaáætlun fyrir innra mat.
- Innleiða þarf reglulegt mat á kennslu og fagmennsku kennara og veita þeim endurgjöf.
- Í skýrslu um innra mat þurfa að koma fram viðmið um þann árangur sem stefnt er að og að hve miklu leyti markmið hafa náðst.

Þáttur 4 - Skólabragur

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þáttinn hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið.

4.1 Stefna og viðhorf

Í skólastefnu Stykkishólmsbæjar sem og í sjálfsmatsskýrslu skólans kemur fram að lögð er áhersla á vellíðan nemenda, góð samskipti og jákvæðan skólabrag. Meðal þeirra leiða sem lagðar eru til í skólastefnunni er að hlustað verði á raddir nemenda og þeir hafðir með í ráðum um nám og skólastarf, forvarnastarf verði öflugt og með leiðsagnarmati verði megin áhersla á uppbyggilega endurgjöf og ábyrgð nemenda á eigin námi. Leiðir og mat á markmiðum eru hvorki varðar í skólastefnunni né í innri matsáætlun skólans.

Einkunnarorð skólans eru gleði – samvinna – sjálfstæði og eru þau eins og fyrr segir vel þekkt í skólasamfélaginu. Eins og fram hefur komið áður vinnur skólinn að vissu marki eftir uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar sem stutt getur við jákvæðan skólabrag.

Skólinn hefur komið á lýðræðisþingum með nemendum til að vinna meðal annars með skólabrag. Samkvæmt viðtölum við rýnihópa er skólabragur heilt yfir fremur jákvæður. Í rýnihópum starfsmanna kemur fram að skólastjóri leggi sig fram um að gera skólabraginn betri og nefna sem dæmi að hann taki á móti nemendum á morgnanna og borði með þeim í hádegismat.

Sérstaða skólans sem og skólabragur er fremur óljós fyrir skólasamfélaginu. Fram kemur í áðurnefndri ytramatsskýrslu 2012 að búa ætti til skilgreiningu á þeim skólabrag sem skólinn vill viðhafa og skrásetja leiðir til að viðhalda skólabrag og gott væri að reyna fyrir sér í markmiðssetningu í tengslum við skólabrag og gæta þess að meta þennan þátt í innra mati.

Í skólastefnunni kemur fram að skólinn starfi eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar og leggja eigi grunnþætti menntunnar til grundvallar starfi skólans. Áhersluþættir um hvernig skólinn hyggst starfa að grunnþáttum menntunar m.a. lýðræði og mannréttindi er ekki að finna í námsvísunum. Námsvísar í lífsleikni voru ekki aðgengilegir matsaðilum.

4.2 Líðan nemenda

Í skólanámskrá kemur ekki fram með hvaða hætti kennsluaðferðir eru nýttar til að efla samkennd og auka skilning á viðhorfum og skoðunum annarra.

Í rýnihópaviðtölum við nemendur kemur fram að almennt líði þeim vel en telja að öðrum nemendum líði stundum vel og stundum illa. Í foreldrakönnun Skólapúlsins, frá síðasta skólaári svara 86% því til að barninu þeirra líði almennt mjög eða frekar vel í skólanum og er sú tala marktækt undir landsmeðaltali sem er 91,5%. Samkvæmt könnun Menntamálastofnunar telja rúmlega 80% foreldra að börnum þeirra líði mjög eða frekar vel í skólanum. Í svörum nemenda sem snúa að vellíðan kemur fram að ekki mælist marktækur munur á þeirra svörum og annarra svarenda könnunarinnar. Þá nefna nemendur einnig að kennararnir þeirra fylgist vel með þeim og séu fljótir að gripa inn í mál þegar eitthvað amar að þeim.

Til að koma til móts við nemendur hefur verið gerð breyting á tímasettum sem leiðir til að færri nemendur eru á útsvæði í einu og stuðlar að mati skólastjóra og starfsmanna að bættri líðan nemenda og jákvæðari samskiptum í námshléum.

Í könnun Skólapúlsins kemur einnig fram að nemendur skólans eru allnokkuð undir landsmeðaltali þegar kemur að svörum sem snýr að neyslu á hollu mataræði og þrautseigju í námi.

4.3 Nemendalýðræði

Eins og fram kemur í kaflanum um nám og kennslu þá byggja 61% metinna kennslustunda á einstaklingsvinnu og 86% stunda á fræðandi kennsluháttum. Lýðræði í kennsluháttum og virkni nemenda í þáttum eins og samvinnu, samræðu og markmiðasetningu var lítt sýnileg á vettvangi. Fram kom í rýnihópaviðtölum við nemendur að verkefni séu stýrð en þeir hafi stundum val um þætti eins og framsetningu verkefna en það fari eftir kennurum og námsgreinum hvernig þessu sé háttað.

Nemendur taka virkan þátt í því skipulagi skólstarfsins sem snýr að félagsstarfi. Nemendur eru lýðræðislega kosnir til setu í ráðum og nefndum og þeir nemendur sem kosnir eru taka valgrein í skólanum sem snýr að tómtunda- og félagsmálafræði og öðlast þar færni til nefndarstarfa.

Haldin eru lýðræðisþing með nemendum einu sinni á ári og geta nemendur valið sig í hópa til að fjalla um ákveðin málefni. Nemendur geta einnig komið með tillögur í hugmyndakassa skólans og kom þar meðal annars fram tillaga að nafninu sem varð fyrir valinu á frístundaheimili skólans. Fundað hefur verið með nemendaráði þar sem farið var yfir breytingar á tímasettum fyrir stundatöflur og niðurröðun bekkja í stofur. Við endurgerð skólalóðar fengu nemendur tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Í rýnihópaviðtölum við kennara og nemendur kom fram að haldnir eru bekkjarfundir með nemendum þar sem rædd eru málefni líðandi stundar.

Skólinn starfar eins og fyrr segir eftir Uppeldi til ábyrgðar og gera bekkir bekkjarsáttmála með kennurum. Á vettvangi mátti víða sjá sáttmálana.

Í rýnihópaviðtölum við nemendur kom fram að þeir komi sínum sjónarmiðum einnig fram við kennara og skólastjóra og mjög gott aðgengi sé að þeim.

Nemendur í stjórn nemendafélags og skólaráði koma fram sem fulltrúar nemendahópsins.

4.4 Verklagsreglur og áætlanir

Áætlun gegn einelti hefur verið gerð af hálfu skólans. Hún samræmir forvarnir, inngríp og eftirfylgd í eineltismálum og eru tengingar á milli eineltisstefnunnar, Uppeldis til ábyrgðar og eineltishrings Olweusar.³

Fram kom í rýnihópaviðtölum að leitast er við að koma í veg fyrir einelti en ef grunur leikur á að um slíkt sé að ræða er hvatt til þess að setja málið í ferli sem allra fyrst.

Eins og fyrr segir er unnið eftir Uppeldi til ábyrgðar, skólareglur og viðurlög við brot á þeim byggja á þeirri stefnu. Almennar reglur eru fimm; *við sinnum hlutverki okkar, við leyfum öðrum að vera þeir sjálfir, við komum fram af kurteisi, við berum ábyrgð á eigum okkar og skólagögnum, við virðum eignarétt annarra*. Sérstakar reglur gilda um snjalltæki og útireglur eru varðandi skólalóðina.

Styrkleikar

- Skólinn hefur sett sér stefnu um góðan skólabrag.
- Haldin eru lýðræðisþing með nemendum.
- Skólastjóri leggur sig fram um að gera skólabraginn betri.
- Kennarar fylgjast með líðan nemenda og eru fljótir að bregðast við þegar eitthvað amar að.
- Nemendur hafa gott aðgengi að skólastjóra og kennurum.
- Nemendur hafa vettvang til að koma hugmyndum á framfæri.

³ Olweuaráætlun er áætlun gegn einelti.

- Nemendur hafa fengið tækifæri til að hafa áhrif á skipulag skólalóðar.
- Nemendur sem taka þátt í félagsstarfi skólans taka valgrein sem snýr að tómstunda- og félagsmálafræði og öðlast þar færni til nefndarstarfa.
- Leitast er við að koma í veg fyrir einelti og hvatt er til að mál séu strax sett í ferli.

Tækifæri til umbóta

- Kennsluhættir taki mið að lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Þjálfarar nemendur markvisst í lýðræðislegum vinnubrögðum, samræðum og samvinnu.
- Skilgreina þann skólabrag sem skólinn vill viðhafa og skrásetja leiðir til að viðhalda honum, með markmiðssetningu og viðmiðum um árangur.
- Gera þarf því skil hvernig skólinn hyggst starfa að grunnþáttum menntunar meðal annars lýðræði og mannréttindi í námsvísunum.
- Nýta stefnuna Uppeldi til ábyrgðar til að samræma með hvaða hætti unnið er með samskipti og agamál í skólanum.